

Náttúra fiskirækt ehf.
Laxabraut 5
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 7. ágúst 2018
UST201805-334/H.G.
08.03

Álagning dagsekta og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 19. júlí sl. þar sem stofnunin tilkynnti rekstraraðila, Náttúru fiskirækt ehf. um áform stofnunarinnar um að leggja á dagsektir vegna vanskila á grænu bókhaldi, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Umhverfisstofnun leggur hér með á dagsektir, að fjárhæð 10.000 kr. á dag, á Náttúru fiskirækt ehf. og krefst úrbóta, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektinar leggjast á frá og með 9. ágúst nk. og þar til úr er bætt.


Ákvörðun þessi mun vera birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta sjónarmið fyrirtækisins.


Umhverfisstofnun vekur athygli á 30. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings fyrir eftirfylgnina verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttir í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Svava Pétursdóttir
lögræðingur